Nr. 19.
6.
des.

# Reglugjörð

um

hafnsögu á Ísafirði.

---

Stjórnarráð Íslands hefur samkvæmt valdi því, er því hefur veitt verið með konungsúrskurði 26. f. m., gefið út reglugjörð þá um hafnsögu á Ísafirði, er hjer fer á eptir:

1. gr.

Á Ísafirði skulu vera 2 hafnsögumenn, er amtmaðurinn yfir vesturumdæminu skipar til þess eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Amtmaður getur þó, ef nauðsynlegt þykir eða hentugt, aukið eða fækkað tölu þeirra um einn.

2. gr.

Sá, sem skipaður er hafnsögumaður, á að vera fullra 25, ára laus við drykkjuskap, áreiðanlegur og góður verkmaður og einkum vel kunnugur innsiglingunni, svo og þekkja nokkuð til þess, hvernig stjórna skal skipi. Hafnsögumennirnir skulu vera búsettir á Ísafirði, og eiga þeir að skrifa undir eiðstaf um, að þeir vilji með kostgæfni og alúð rækja skyldur þær, er á þeim hvíla.

3. gr.

Jafnvel þótt það sje eigi bannað hafnsögumönnunum að semja með sjer um að skiptast til að fara út á skip þau, er hafnsögumanna æskja, skulu þeir þó, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, hafa ábyrgð á, að ekki sje sýnt neitt hirðuleysi með að fara út til skipa.

Hver hafnsögumaður um sig heldur óskipt hafnargjaldinu af skipum þeim, er hann vísar leið.

Hafnsögumennirnir eru undanþegnir hvers konar persónulegum störfum í bæjarþarfir, til þess þeir tálmist eigi í að gegna skyldum sínum.

4. gr.

Hafnsögumennirnir eiga, að viðlögðum sektum, að hafa hjá sjer exemplar af reglugjörð þessari og taxta til sýnis hverjum skipstjóra, er þess krefst, og eins hafnsögumerki, er þeir bera á brjósti; skulu þau borguð úr bæjarsjóði Ísafjarðar, og þeim skilað aptur óskemmdum við lok þjónustu þeirra. Hafnsögumenn skulu hafa nægilega stóra báta til hafnsögunnar. Hefur lögreglustjóri eptirlit með bátum þessum og heldur á þeim skoðunargjörð að minnsta kosti einu sinni ár hvert. Hafnsögubátarnir skulu auðkenndir með rauðum dúk í seglinu, eða veifu, er róið verður. Þesskonar segl mega hafnsögumennirnir ekki selja öðrum en hafnsögumönnum.

# Reglement

for

# Isafjords Lodseri.

Nr. 19. 6te Decbr.

I Henhold til dertil ved Allerhøieste Resolution af 26de f. M. given Bemyndigelse har Ministeriet for Island udfærdiget følgende Reglement for Isafjords Lodseri.

§ 1.

Isafjords Lodseri skal bestaa af 2 Lodser, beskikkede efter Indstilling af Isafjords Byraad af Amtmanden i Vestamtet. Dog kan Amtmanden, hvis det viser sig nødvendigt eller hensigtsmæssigt, forøge eller formindske Lodsernes Antal med 1.

§ 2.

Den, der antages som Lods, bør foruden at have opnaaet en Alder af 25 Aar, være en ædruelig, paalidelig, arbeidsdygtig og især med Indseilingen nøie bekjendt Mand, der tillige bør have nogen Kundskab om, hvorledes et Skib skal regjeres. Lodserne, der skulle være bosatte paa Isafjord, skulle underskrive en Ed om, at de ville udføre de dem paahvilende Pligter med Paapasselighed og Flid.

§ 3.

Uagtet det ikke forbydes Lodserne imellem sig indbyrdes at indgaa Overenskomst om efter Tour at gaa ombord i de Skibe, der ønske Lods, skulle de dog en for begge og begge for en være ansvarlige for, at ingen Forsømmelse med at gaa Skibe imøde finder Sted.

Enhver Lods beholder udelt Lodspengene for de Skibe han lodser.

For ikke at hindres i deres Pligters Opfyldelse, skulle Lodserne fritages for alt personligt Arbeide for Kommunen.

§ 4.

Lodserne bør under Straf af Bøder medføre et Exemplar af nærværende Reglement og Taxt til Forevisning for enhver Skibsfører, der forlanger det, som ogsaa et Lodsskildt, som skal bæres paa Brystet og betales af Byens Kasse, og som Lodsen ved sin Afgang tilbageleverer i uskadt Stand. Lodserne skulle være forsynede med tilstrækkelig store Baade til Lodstjenesten. Med disse Baade skal Poltimesteren have Opsyn og idetmindste engang hvert Aar afholde Syn over dem. Lodsbaadene skulle gjøres kjendelige ved en rødfarvet Dug i Seilet, eller en Vimpel, naar der ros. Et saadant Seil er det Lodserne forbudt at sælge til andre end Lodser.

Nr. 19.
6. des.

5. gr.

Ef hafnsögumaður kemur eigi til skips, er dregið hefur upp hafnsöguflagg í tæka tíð, fyrr en skipið er komið inn fyrir norðurtangann á Skutulsfjarðareyri, fær hann aðeins $^{3}/_{4}$ hluta af hafnsögugjaldinu, ef skipið á að fara inn á pollinn, en aðeins $^{1}/_{4}$, ef eigi á að fara lengra inn en í sundið. Ef hafnsögumanni er eigi fært fyrir veðri að fara út með minna bát en sexæring, á hann að fá borgun fyrir aukakostnað, er af því leiðir; en skilt er honum að skýra lögreglustjóra frá þessu, þegar er hann kemur í land.

6. gr.

Hver hafnsögumaður á að hafa bók, er hann tilgreinir í nákvæmlega, hverjum skipum hann hefur vísað leið. Bæjarstjórnin semur form á bókum þessum, og skal skoða þær einu sinni ár hvert.

7. gr.

Ef næm veikindi eru á skipi, eða ef grunur er á að svo sje, á hafnsögumaður, ef unnt er, að leiðbeina því til hafnar á þann hátt, að hann fari í bát sínum á undan skipinu, eða að minnsta kosti hafi eigi nein mök við skipshöfnina, meðan hann er á skipinu. Þesskonar skip lætur hann verpa akkerum svo langt sem verða má frá öðrum skipum, og skýrir tafarlaust lögreglustjóra frá því, er þörf er á, og bannar öllum á skipinu samgöngur við aðra menn.

8. gr.

Þá er hafnsögumaður aldurs vegna eður heilsubrests eða af öðrum ástæðum eigi verður lengur álitinn fær um, að gegna stöðu sinni, veitir amtmaður honum lausn, ef kostur er á, með 3 mánaða fyrirvara.

9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, 1—10 kr., eptir úrskurði amtmanns, nema þyngri hegning liggi við.

*Í stjórnarráði Íslands, 6. desember 1884.*

*J. Nellemann.*

---

*H. Stephensen.*

§ 5.

Kommer en Lods ikke ombord i et Skib, der itide har heist Lodsflag, førend det allerede er indenfor Nordspidsen af Skutulsfjardareyri, tilkommer der ham kun 3/4 af Lodspengene naar Skibet skal gaa ind paa „Pollen“, men kun 1/4 hvis Skibet ikke skal gaa længere ind end i Sundet. Gjør Veirliget det umuligt for Lodsen at gaa ud med et mindre Fartøi end en Sexæring, tilkommer der ham Godtgjørelse for den Extrabekostning som derved foraarsages; dog er han forpligtet til at anmelde Saadant for Politimesteren, saa snart han kommer iland.

§ 6.

Enhver Lods bør føre en Protokol, hvori han nøiagtig anfører, hvilke Skibe han har lodset. Byraadet affatter et Skema for saadanne Protokoller, hvilke bør efterses engang aarlig.

§ 7.

Naar et Skib enten har eller mistænkes for at have smitsomme Sygdomme ombord, bør Lodsen om muligt lodse et saadant Skib ind paa Havnen saaledes, at han i sin Baad gaar foran Skibet eller idetmindste ikke har noget Samkvem med Mandskabet, medens han er ombord. Saadanne Skibe bør han lade ankre saa langt som muligt fra andre Skibe og uophøldelig melde det Fornødne for Politimesteren, samt forbyde samtlige ombord værende Personer at have Samkvem med andre.

§ 8.

En Lods afskediges af Amtmanden, naar han paa Grund af Alderdom, Svagelighed eller andre Aarsager ikke kan anses at være i Stand til at forrette sin Tjeneste, om muligt med 3 Maaneders Varsel.

§ 9.

Overtrædelse af dette Reglement straffes med Bøder fra 1—10 Kr. efter Amtets Resolution, forsaavidt Forseelsen ikke medfører en høiere Straf.

**Ministeriet for Island, den 6te December 1884.**

*J. Nellemann.*

*H. Stephensen.*